

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. nóvember 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi geri úrbætur á gallanum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. mars sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 31. mars. Með bréfi, dags. 7. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 14. apríl. Með bréfi, dags. 29. apríl, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frestur til þess til 13. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 31. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 18. mars 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.330.000. Var bifreiðin af gerðinni Volkswagen Golf Trendline, árgerð 2008, fyrst skráð 18. desember 2007 og við kaupin hafði bifreiðinni verið ekið 115.000 km. Segir álitsbeiðandi að í ljós hafi komið galli í lakki bifreiðarinnar, þ.e. að bifreiðin sé að ryðga innan frá. Segir álitsbeiðandi að um þekktan galla sé að ræða, en hann hafi unnið hjá seljanda, sem jafnframt er umboðsaðili Volkswagen á Íslandi, og því vitað til þess að samskonar bifreiðir hefðu verið haldnar sama galla. Segist álitsbeiðandi hafa átt fyrir samskonar bifreið sem nauðsynlegt hafi verið að heilmála vegna sama vandamáls. Fyrir þá heilmálun hafi seljandi greitt að fullu. Segist álitsbeiðandi hafa farið fram á það við seljanda að gert yrði við lakkskemmdirnar á kostnað seljanda en því hafi verið hafnað. Bendir álitsbeiðandi jafnframt á að skv. þjónustubók seljanda sé 10 ára ábyrgð á lakki umræddrar bifreiðar.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi lagfæri lakk bifreiðarinnar. Meðfylgjandi álitsbeiðni er bréf frá aðila sem starfar við sprautun bifreiða. Í því kemur fram að sá aðili hafi skoðað lakk bifreiðarinnar, að bifreiðin sé að ryðga innan frá og að um þekktan galla sé að ræða í bifreiðum sömu tegundar. Þá fylgja myndir af umræddum lakkskemmdum, afrit af kaupsamningi og afsali og afrit af ábyrgðarskilmálum seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af þjónustustjóra seljanda, er m.a. rakið að álitsbeiðandi telji að lakk hinnar umþrættu bifreiðar sé haldið skemmdum sem falli undir 10 ára lakkábyrgð seljanda og að umræddar skemmdir eða gallar séu á toppi bifreiðarinnar. Þá er rakið að álitsbeiðandi geri þá kröfu að seljandi viðurkenni að viðgerð á umræddum skemmdum verði framkvæmd á kostnað seljanda. Rekur seljandi því næst að álitsbeiðanda hafi verið seld umrædd bifreið hinn 18. mars 2013. Í ábyrgðarskírteini bifreiðarinnar komi fram að ábyrgð

gildi í 36 mánuði frá því fyrsti kaupandi tók við bifreiðinni eða í 100.000 km akstur innan þess tíma. Þá vísi álitsbeiðandi til 10 ára ábyrgðar á gegnumryði. Telur seljandi ekki að um gegnumryð sé að ræða, heldur sé um að ræða lakkskemmdir af völdum ákomu en seljandi skoðaði bifreiðina hinn 28. mars sl. Sem fyrr segi sé ábyrgð á lakki 36 mánuðir, en 10 ár á gegnumryði. Kröfum álitsbeiðanda sé því hafnað.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi unnið hjá seljanda í 5 ár aðallega við viðgerðir á bifreiðum af þeirri tegund sem deilt er um. Þá segir álitsbeiðandi að um afar þekkt vandamál sé að ræða og vitnar til umræðna um bifreiðar sömu tegundar á vefnum. Þá ítrekar álitsbeiðandi að hann hafi áður átt bifreið sömu tegundar sem einnig hafi verið með galla í lakk og að seljandi hafi lagfært þann galla.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000, hinn 18. mars 2013 fyrir kr. 1.330.000. Bifreiðin er árgerð 2008 og fyrsti skráningardagur hennar 18. desember 2007. Bifreiðin var því rúmlega 5 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 115.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Álitsbeiðandi byggir kröfur sínar á þeim grunni að samkvæmt ábyrgðarskilmálum seljanda beri seljandi ábyrgð á gegnumryði í bifreiðum sem hann selur í allt að 10 ár. Bifreiðin sé gegnumryðguð og því eigi seljandi að bæta úr þeim göllum sem eru á lakki hennar. Máli sínu til stuðnings hefur álitsbeiðandi lagt fram bréf, dags. 28. janúar sl., frá aðila sem starfar við málun bifreiða, en sá aðili telur bifreiðina gegnumryðgaða. Seljandi segist hins vegar sjálfur hafa látið skoða bifreiðina hinn 28. mars sl. og telur hann að skemmdir á lakki bifreiðarinnar séu vegna ákomu en ekki vegna gegnumryðs. Þá fylgdu álitsbeiðni myndir af lakkskemmdunum. Hefur sérfræðingur kærunefndarinnar skoðað myndirnar en telur þær hins vegar ekki nægja einar og sér til staðfestingar á því hvort bifreiðin sé gegnumryðguð. Stendur því hér orð gegn orði. Kærunefndin telur, að hvort heldur sem álitsbeiðandi byggði kröfu sína gagnvart seljanda á ábyrgðarskilmálum hans sjálfs sbr. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, eða á þeim grundvelli að bifreiðin væri haldin galla skv. 17. gr. sömu laga geti kærunefndin ekki komist að efnislegru niðurstöðu í málinu á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir hana. Verður því, með vísan til 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa að vísa álitsbeiðni þessari frá.

VII
Álitsorð

Álitsbeiðni, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir